

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58/29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 69, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 392, 25. júlí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Húsavíkur.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

##### 2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

|  | kr.    |
|--|--------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . .                             | 200,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils . . . . . | 455,00 |
| c. Vatnsgjald pr. m <sup>3</sup> . . . . .   | 28,65  |
| Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.              |        |

## 5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

|             |          |
|-------------|----------|
| A . . . . . | 1.00/1.0 |
| B . . . . . | 0.95/1.3 |
| C . . . . . | 0.90/1.7 |
| D . . . . . | 0.85/2.8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

## 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík.

Gjaldddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldddaga.

## III. KAFLI

## 7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olú-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

|  |            |
|--|------------|
|  | kr.        |
| Hús allt að 300 m <sup>3</sup> að utanmáli . . . . .                       | 44 000,00  |
| Hús 300–2000 m <sup>3</sup> að utanmáli fyrir 300 m <sup>3</sup> . . . . . | 44 000,00  |
| og . . . . .   | 48,39      |
| á hvern rúmmetra þar yfir.   |            |
| Hús stærri en 2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli . . . . .                   | 126 000,00 |
| fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og . . . . .                                    | 36,10      |
| á hvern rúmmetra þar fram yfir.  |            |

b) Fyrir önnur hús.

|  |            |
|--|------------|
| Hús allt að 300 m <sup>3</sup> að utanmáli . . . . .     | 63 000,00  |
| Hús 300–2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli . . . . .       | 63 000,00  |
| fyrir 300 m <sup>3</sup> og . . . . .                    | 56,20      |
| á hvern rúmmetra þar yfir.                               |            |
| Hús stærri en 2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli . . . . . | 158 000,00 |
| fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og . . . . .                  | 48,40      |
| á hvern rúmmetra þar yfir.                               |            |

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er . . . . . 12 000,00

c) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m<sup>3</sup> húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

## 8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

## 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1 200,00 í hvert skipti.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 69, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 93, 22. febrúar 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Rangæinga.

## 1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.